

KENNARARÁÐ

Fyrsti fundur ráðsins haldinn í Vör, fundarsal í Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu miðvikudaginn 24. júní 2020 kl. 10:30-12:00.

Fundarmenn:

Boðaðir voru allir aðal- og varafulltrúar ráðsins:

Birgir Urbancic Ásgeirsson formaður. Varamaður Björg Pétursdóttir

Sonja Dögg Pálsdóttir, varaformaður. Varamaður Sigríður Lára Ásbergisdóttir

Guðmundur Engilbertsson, tilnefndur af Háskólanum á Akureyri. Varamaður Kristín Dýrfjörð.

Guðbjörg Aðalbergisdóttir, tilnefnd af Skólameistarafélagi Íslands. Varamaður Kristinn Þorsteinsson.

Karl Frímannsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Varamaður Svandís Ingimundardóttir.

Ingimar Ólafsson Waage, tilnefndur af Listaháskóla Íslands. Varamaður Gunnþís Ýr Finnbogadóttir.

Guðný Ásta Snorradóttir, tilnefnd af Menntamálastofnun. Varamaður Ragnar F. Ólafsson.

Freyja Hreinsdóttir, tilnefnd af Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Varamaður Kristín Jónsdóttir.

Anna María Gunnarsdóttir, tilnefnd af Kennarasambandi Íslands. Varamaður Guðjón Hreinn Hauksson.

Haraldur Freyr Gíslason, tilnefndur af Kennarasambandi Íslands. Varamaður Sigrún Grendal Jóhannesdóttir

Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, tilnefnd af Kennarasambandi Íslands. Varamaður Þorsteinn Sæberg.

Ingileif Ástvaldsdóttir, starfsmaður Menntamálastofnunar sem ritaði fundargerð.

Boðuð dagskrá:

1. Innlegg frá ráðherra.
2. Meðlimir ráðsins kynna sig.
3. Kynning á ráðinu. Drög að starfsáætlun lögð fram.
4. Önnur mál.

Fundargerð:

1. Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra ræddi tilurð og tilgang nýrra laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsnám. Hún talaði um gildi menntunar og mikilvægi góðra kennara fyrir nemendur og samfélagið í heild sinni. Ráðherra ræddi einnig í þessu samhengi um stöðu íslenskunnar innan skólakerfisins. Eftir innlegg hennar bað hún fundarmenn að kynna sig og þær væntingar sem það hafi til vinnu kennararáðs.

Í máli fundarmanna kom fram að þau gerðu sér grein fyrir víðtæku hlutverki þess og fjölbreyttum verkefnum sem því er falið og að þau væntu mikils af starfi ráðsins. Margir bentu á að þar sem hlutverk og verkefni ráðsins væru mörg þyrftu þau að eiga sér formlegan vettvang innan ráðsins og bentu í því sambandi á verklag Samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda þar sem undirhópum innan ráðsins voru falin afmörkuð og skilgreind verkefni innan starfsáætlunar ráðsins.

Á það var bent að nokkrar breytingar væru fram undan við innleiðingu laganna og að verkefni ráðsins væru mikilvæg og væntingar eru bæði innan ráðsins og skólasamfélagsins um að kennararáðið verði öflugur vettvangur til að standa vörð um fagmennsku og gæði skólasamfélagsins. Einna helst var rætt um mikilvægi hæfnirammans fyrir þróun skólastarfs. Það var mat þeirra sem ræddu þetta atriði að það skipti máli að vinna við hæfnirammann yrði forgangsverkefni ráðsins. Bent var á að hann væri viðmið í ráðningum kennara, hefði áhrif á endurskoðun kennaranáms og skipulag starfsþróunar kennara. Tekið var fram að hæfniramminn gæti orðið til þess að breyta hlutverki háskólanna í starfsþróun kennara, m.a. með því að þeir bjóði í meira mæli opin og einingabær námskeið. Fulltrúar háskólanna bentu í því sambandi á að MT-námið væri tækifæri til að byggja upp fjölbreytta starfsþróun fyrir kennara, þvert á skólastig, skólagerðir og faggreinar. Þau merkja að fjölgun kennaranema sé m.a. vegna MT-námsins.

2. Sjá önnur og þriðju greinarskil 2 í fyrsta lið fundargerðarinnar.
3. Birgir Ásgeirsson formaður kennararáðs kynnti ráðið fyrir fundarmönnum. Hann fór yfir hlutverk þess og lög um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla sem tilurð og verkefni ráðsins byggja á.

Í lok kynningarinnar lagði hann fram drög að starfsáætlun. Í henni kom fram að hæfniramminn yrði fyrsta verkefni ráðsins. Í áætluninni er lagt til að ráðið fundi einu sinni í mánuði og gerð

tillaga um að fundirnir verði haldnir þriðja miðvikudag hvers mánaðar kl. 10-12. Í umræðum um starfsáætlunina kom fram að miðvikudagsmorgnar henta ekki öllum fundarmönnum.

4. Önnur mál

- a. Sonja Dögg Pálsdóttir sagði frá því að kynningar á lögum um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla sem stóð til að halda í vor en var frestað vegna Covid-19 veirunnar verða haldnar snemma í haust.
- b. Anna María Gunnarsdóttir lagði til að ráðið ætti sameiginlegt skjalasvæði sem bæði aðal- og varamenn ráðsins ættu aðgang að. Ákveðið að stofna slíkt svæði á Teams.
- c. Næsti fundur ráðsins var ákveðinn miðvikudaginn 19. ágúst kl. 10-12 í húsnæði Menntamálastofnunar að Víkurhvarfi 3.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 12:00

Ingileif Ástvaldsdóttir ritaði fundargerð